

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi fyrir sveitarfélögin norðan Skarðsheiðar 1997-2017, efnistökusvæði í landi Mófellsstaða og Vatnsenda í Skorradalshreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. mars 2010 staðfest breytingu á svæðisskipulagi fyrir sveitarfélögin norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felur í sér að gert er ráð fyrir um 2,3 ha efnistökusvæði í áraurum Kaldár í landi Mófellsstaða og Vatnsenda í Skorradal. Áætluð efnistaka er um 23.000 m³.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 31. mars 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2010